



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 8. ágúst 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsfélagar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Herdís Erna Matthíasdóttir og Vilberg Þráinsson í forföllum  
Egils Sigurgeirssonar. Einnig sát fundinn Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi og  
Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

**1. 1106002 – Þórisstaðir 139699, Þórisstaðir lóð 1 139700, deiliskipulag.**

Ósk um heimild fyrir gerð deiliskipulags og breytingu á gildandi aðalskipulagi. Erindi  
frá X2 hönnun – skipulag ehf. dagsett 20. júní 2011.

*Afgreiðslu frestað, þar til samþykki allra eigenda liggur fyrir. Samþykkt.*

**2. 1108006 – Vesturbraut 1 2122525, umsókn um byggingaleyfi.**

Erindi frá Jóni Árna Sigurðssyni ódagsett.

*Breytingar á húsnæði samþykktar.*

**3. 1108007 - Framkvæmdir án leyfis frá skipulags- og bygginganefnd.**

*Nokkuð hefur verið um framkvæmdir á lóðum án leyfis í sveitarfélaginu, gámar,  
skjólveggir, pallar og þ.h. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að taka saman yfirlit  
reglna fyrir næsta fund.*

**4. 1108009 - Uppsetning á auglýsingaskiltum í Grettislaug.**

Beiðni frá stjórn ungmennafélagsins Aftureldingar dagsett 29. júní 2011.

*Erindið samþykkt.*

**5. 1107018 - Aðalskoðun leiksvæða sveitarfélagsins skv. reglugerð 942/2002**

Skýrslur vegna aðalskoðunar á leiksvæðum Reykóhólaskóla og leikskólans Hólabæjar,  
framkvæmdar af BSI á Íslandi þann 5. júlí 2011.

*Nefndin hvetur til þess að úrbætur verði gerðar samkvæmt ábendingum í skýrslunum  
og beinir því til sveitarstjórnar að tillit verði tekið til þess við endurskoðun  
fjárhagsáætlunar og að einnig verði gengið í að klára framkvæmdir við íþróttavelli  
skólans. Samþykkt.*

**6. 1107025 – Sjóvarnaskýrsla, drög í vinnslu.**

Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir 2011, erindi og skýrsla frá Siglingastofnun dagsett 12. júlí  
2011.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við drögin. Samþykkt.*

**7. 1108010 – Drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi.**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 9. júní 2011.

*Drögin lögð fram.*

**Mál til kynningar:**

**8. 1102006 – Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi.**

a. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, Vestfjarðarvegur frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagsmörkum í Kjálkafirði. Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 29. júní 2011

b. Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 5. júlí 2011 til kynningar.

c. Kynning Vegagerðarinnar á frummatsskýrslu vegna aðalskipulagsbreytinga á Reykhólum 24. ágúst n.k. í Reykhólaskóla frá kl. 17 -21.

*Kynnt.*

**9. 1108008 - Fundargerð stjórnar embættis byggingafulltrúa 6. júlí 2011.**

*Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:45**

_____	_____
_____	_____
_____	_____